



**PRÍBRAUTARSAMBAND ÍSLANDS**

18.04.2021

Formannafundur er haldinn kl.18.00 í húsakynnum ÍSÍ, Engjateigi 6 í Reykjavík

Mættir eru frá stjórn ÞRÍ: **Hákon Hrafn Sigurðsson, Valerie Maier, Ingi Poulsen**, sem jafnframt ritar fundargerð, **Jón Ágúst Gunnlaugsson, Guðbjörg Jónsdóttir og Rún Friðriksdóttir. Hákon Jónsson er mættur í gegnum fjarfundarbúnað. Jafnframt frá félögnum Jón Orri Jónsson (Ægi), Ívar Þrastarson (3SH), Margrét J. Magnúsdóttir (Breiðablik), Baldur Sæmundsson (3N) auk Harðar Guðmundssonar, starfsmanns ÞRÍ**

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð

### 1. Staðan

Fram fer umræða um stöðuna í félögnum. Allir fulltrúar félaganna fara yfir stöðuna innan sinna félaga. Almennt lýsa félögin ágætu starfi og þrátt fyrir að æfingar hafi verið stopular hefur gengið ágætlega að halda í liðsheildina. Farið yfir þær leiðir sem félögin hafa farið til að halda í æfingar og iðkendur, svo sem rafrænar æfingar, rafræna fræðslu og annað.

### 2. Keppnisumar 2021

Fram fer umræða um keppnir sumarsins. Ljóst er að fyrsta keppni tímabilsins er handan við hornið og það er að mörgu að huga. Nýjar reglur hafa tekið gildi og fram fer umræða um hvernig eigi að vinna keppnisstaði, fyrst og fremst sundlaug, þannig að framkvæmdin sé í samræmi við sóttvarnarkröfur og gangi hratt og örugglega fyrir sig. Einnig fer fram umræða um stigakeppnir, hvernig eigi að útfæra stigakeppnir ef takmarka þarf fjölda. Á að bjóða tíu stigahæstu síðasta árs forgang í skráningu eða er þetta fyrstur kemur, fyrstur fær? Mikilvægt að allar takmarkanir séu útfærðar með eins málefnalegum hætti og kostur er. Ef verið er að lengja keppnirnar vegna rúllandi starts þá þarf að huga að fjölda sjálfboðaliða. Mikilvægt sé að setja upp sjálfboðateymi, þvert á öll íþróttafélög, sem tryggja mönnun. Eins væri nauðsynlegt að hefja skráningu seint þar sem hlutirnir geti breyst hratt. Allir eru sammála um að halda allar þær keppnir sem hægt er að halda og reyna að finna útfærslur sem takmarka ekki fjölda. Þá er mikilvægt að hafa öflugt sóttvarnarteymi í hverri keppni svo sóttvarnir séu allar eins góðar og kostur er. Jafnframt mikilvægt að læra af framkvæmdinni og taka stöðufund með öllum félögum eftir fyrstu keppni og reyna að móta þannig framkvæmdina.

### 3. Unglingaþríbraut

Hörður Guðmundsson fer yfir stöðuna á því verkefni sem hann heldur utan um. Hann er búinn að gera drög að keppnum, hafa samband við skóla og setja upp ramma utan um

starfið. Fram fer umræða um leiðir til að efla starfið. Mikil áhersla á að hafa keppnir og viðburði. Hafa meira af tvíþrautum til að byrja með.

Hugmynd um fjölskylduþraut: þá væri hægt að byggja upp kort þar sem fjölskyldan lýkur sameiginlega sundi, hlaupi og hjóli hér og þar um landið. Góð leið til að markaðssetja þríþraut. Hafa verðlaun og fleiri hvata.

Einnig er farið yfir styrki ÞRÍ til félaganna til að halda unglingsþríþrautir. Fram fer umræða um hvernig best væri að veita þessa styrki og eru félögin hvött um að sækja um styrki til ÞRÍ eftir þörfum.

#### **4. Dómaranámskeið**

Fram fer umræða um dómaranámskeið. Covid-19 hefur haft áhrif á allt skipulag. Fyrir liggur að halda námskeið um leið og aðstæður bjóða.

#### **5. Önnur mál**

Engin önnur mál eru á dagskrá.

Fundi slitið kl. 19.03